

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 18. nóvember 2021
UST202110-069/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Eyjarland

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir Eyjarland.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að landnotkun lóðarinnar Eyjarlands (L167649) er breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði, til samræmis við núverandi notkun hennar. Auk þess kemur fram að í dag er framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum. Til staðar eru mannvirki til seiðaeldis s.s. eldistjarnir, settjarnir og starfsmanna aðstaða. Heimiluð er frekari uppbygging á svæðinu fyrir allt að 60 tonna framleiðslugetu og til að bæta vinnuaðstöðu og starfsmannaaðstöðu. Starfsemin skal vera í samræmi við þær reglugerðir sem við eiga. Stærð svæðisins er 3 ha.

Framleiðsla

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem starfsleyfi fyrir seiðaeldi eru gefin út fyrir lífmassa er mikilvægi að það komi fram hvort um er að ræða 60 tonn af lífmassa eða framleiðslu á ári. Umhverfisstofnun bendir á að ef um er að ræða 60 tonn af lífmassa getur framleiðslan orðið allt að 180 tonn á ári

Þar sem gert er ráð fyrir að framleiðslan geti þrefaldast er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé ítarlegra um vatnstöku, úrgangsmál og fráveitu í tillögunni og umhverfisáhrif þessara þátta.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur